

Bekkur: 5

Námsgrein: Tónmennt

Kennarar : Guðmundur Hermannsson

Tímafjöldi: 1 stund

Menntagildi námsgreinar:

Tónlist er snar þáttur í lífi og starfi manna hvar sem er í heiminum. Hún er leið til tjáskipta, oft án orða, sem einstaklingar fara til að tjá tilfinningar sínar, skoðanir og gildi. Tónlistin er nátengd daglegu lífi og fólk leitar á náðir hennar við flest þau tækifæri í lífi sínu sem það vill varðveita.

Í tónlistariðkun felst hlustun, sköpun og flutningur. Hún er ferli þar sem einstaklingar skapa merkingu með því að bregðast við og vinna úr tónum, hljóðum og þögn – með sjálfum sér eða í samstarfi. Tónlistariðkun krefst líkamlegrar samhæfingar, greinandi hugsunar og tilfinningatengsla. Þá hefur tónlistariðkun sterka félagslega tilvísun enda verið notuð í gegnum tíðina sem afl til sameiningar eða aðgreiningar meðal fólks.

Tónlist getur verið hluti skilgreindrar menningar eða sjálf skilgreinandi hluti menningar. Í síðara tilvikinu ræður ákveðin tónlistarstefna klæðaburði, framkomu og fleiru, sem myndar menningarheild. Tónlistarmenning vísar þannig til hvernig við tengjumst, notum, fremjum, semjum, og hugsum um tónlist.

Tónlistarkennsla í grunnskóla á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar – tónhæð, tónlengd, blæ, styrk, hljómun, túlkun og formi – til þess að þeir geti myndað sér skoðun á ólíkum stíl tónlistar, geti gert sér grein fyrir gildi hennar í eigin menningu og lífi og notið hennar á uppbyggilegan, markvissan og persónulegan hátt.

Í ljósi þessa margbrotna eðlis tónlistarinnar er mikilvægt að tónlistin sé tengd öllu skólastarfi óháð námsgreinum. Þannig kynnast nemendur fjölbreyttri tónlist og tengingu hennar við líf og starf með ólíkri og lífandi nálgun.

Hæfniviðmið	Kennsluhættir
Viðhalda sönggleði	Nú lögð áhersla á dægurlög og nemendur fá að vera með í vali laga til að syngja. Nota youtube sem undirleik.
#Menningarläsi#	Hlustun, og umræður. Kennari fylgist vel með því sem er að gerast á menningarsviðinu á landinu, sérstaklega tónlist og jafnvel leiklist . Farið í ýmsar dægurstefnur í tónlist á seinni hluta 20. aldarinnar bæði hér og heima. Farið yfir Eurovision og þáttaka rædd og veltum fyrir okkur hvað gerir lag að góðu lagi.
#Rætt um tónlist, tónskáld, form, flytjendur, stjórnendur, tímabil“	Hlustun og umræður um það sem hlustað er á. Oft spilaðar mismunandi útgáfur af sama verki og útskýrt hvað er öðruvísi og af hverju það er öðruvísi. Farið yfir ásakanir um stolin lög og lög borin saman. Tónmenntavefurinn.
Námsmat:	

Námsefni:

Tónmennt 2-5. Hefti. Það var lagið. Ýmsar söngbækur og textar af internetinu auk ótal annars efnis af netinu og úr smiðju kennara, **Tónmenntavefurinn**